

# Ráðhús Reykjavíkurborg

Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

Tengiliður í umboði RVK: Helena Stefánsdóttir

Sent á [skipulagsgatt.is](mailto:skipulagsgatt.is)

Reykjavík, 14.okt.2024

## Efni: Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 - Íbúðaruppbygging í grónum hverfum - Frekari uppbyggingarmöguleikar í Grafarvogi og öðrum borgarhlutum

Landvernd hefur kynnt sér efni þeirra hugmynda sem settar hafa verið fram í lýsingu á skipulagsbreytingu í grónum hverfum Grafarvogs. Landvernd hefur rýnt svæði sem telja má að verði fyrir áhrifum og kynnt sér afstöðu íbúa á athugasemdum.

Í inngangsorðum við kynningu kemur fram að “Um er að ræða fyrirhugaðar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, er varða uppbyggingu nýs íbúðarhúsnæðis innan gróinna hverfa.

Áhersla er á uppbyggingarmöguleika á smærri vannýttum svæðum innan hverfanna.”

### Náttúruvernd

Landvernd telur nauðsynlegt að fjallað sé um svæði á náttúruminjaskrá sem lýsingin nær til.

Þá er vakin athygli á áformum um friðlýsingu Grafarvogs í tillögu ef hún nær fram að ganga. Með áformum um friðlýsingu er horft til þess að vernda til framtíðar náttúrulegt ástand Grafarvogs og líffræðilega fjölbreytni þ.m.t. mikilvægar fjöruvistgerðir, búsvæði fugla og óspilltar leirur. Fuglalíf er fjölbreytt við Grafarvog ekki síst innan Gullinbrúar en þar hafa þúsundir vaðfugla viðkomu. Svæðið er alþjóðlega mikilvægur viðkomustaður farfugla, sér í lagi vaðfugla s.s. rauðbrystings, sanderlu, lóuþræls, sendlinga, heiðlóu, jaðrakans og fleiri tegunda. Lífríkar leirurnar eru meðal örfárra óspilltra svæða sem eftir eru innan strandlengju borgarmarkana. Grafarvogur ásamt leirum hefur verið skráður á náttúruminjaskrá (126) sem hluti af stærri tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Elliðaárvogur-Grafarvogur og er svæðið á framkvæmdaáætlun B-hluta náttúruminjaskrár í samræmi við lög nr. 60/2013 um náttúruvernd. Leirur Grafarvogs njóta því sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Grafarvogur er mikilvægur á fartíma fugla og þar ná sendlingar alþjóðlegu verndarviðmiði. Mikið er af gulönd yfir vetrartímum á svæðinu og nær fjöldinn alþjóðlegum verndarviðmiðum. Yfir þúsund rauðbrystingar og lóuþrælar hafa sést á svæðinu og margar vaðfuglategundir safnast þarna saman. <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/sudvesturland/ellidavogur-grafarvogur> leirur í Grafarvogi eru á náttúruminjaskrá <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/ellidavogur-grafarvogur> Samkvæmt 54. gr. náttúruverndarlaga segir: Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis til UST.

### Umfjöllun um “Vannýtt svæði”

Í greinargerð kemur fram að áhersla er á uppbyggingarmöguleika á smærri svokölluðum vannýttum svæðum. Í athugasemdum íbúa á svæðinu kemur fram að þau svæði sem eru útivistar og upplifunarsvæði íbúa sem vilja njóta náttúrunnar áfram á þegar skipulögðum svæðum. Landvernd varar við að fórna mikilvægum náttúrulegum svæðum á grunni þéttingar. Að Reykjavíkurborg leggi gróin útivistarsvæði undir stórar framkvæmdir sem ganga á útivistar og upplifunarmöguleika íbúana er neikvætt. Landvernd hvetur til að landgæði séu metin, svo skýrt sé og öllum ljóst hvað átt er við með “vannýtt svæði sem ekki þjónar sérstöku hlutverki”. Landvernd leggur áherslu á að Reykjavíkurborg leggi metnað í að

endurheimta græna reiti með vistkerfisnálgun, slíkir reitir geta bætt ásýnd og um leið upplifun og vellíðan borgarbúa.

## Grunnástand

Landvernd tekur undir með Umhverfisstofnun þar sem komið er inn á grunnástand samfélagslegra þátta og bendir á að mikilvægt sé að fjallað sé um grunnástand vistkerfa og líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni eins og kemur fram í aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar. 2 Verndarsvæði

## Vatnamál

„Hafa breytingar áhrif á gæði vatnakerfa og vatnshlota?“

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó. Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur jafnframt fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

## Grafarvogur

### Samfélag og náttúra

Meginstef athugasemda um áformin snýst um vilja til að vernda gróin svæði og lítt eða óspillta náttúru í borg. Landvernd bendir á vaxandi umræðu um að tengsl borgarbúa við náttúruna hafi látið undan og er æ oftast talað um tengslaróf milli manns og náttúru. Það er því mikilvægt að undirstrika að við greiningu og val á svæðum fyrir uppbyggingu og útfræslu byggðar sé gætt að því að ganga ekki á svæði sem eru verðmæt sem náttúrusvæði eða sem leik- og útivistarsvæði. Græn svæði hafa gildi sem landnýting í þéttbýli. Að neðan eru orðrétt brot úr athugasemdum íbúa, sem lýsa hug þeirra til grænna og friðaðra svæða í Grafarvogi.

- *Hér er að finna óspillta náttúru með berjalyngi og varpstæð fugla (lóu).*
- *Ég er íbúi og í klettunum hér beint fyrir aftan, Hulduklettar, er svæðið merkt sem grænt svæði. Þegar við keyptum var okkur sagt að bergið væri friðað*
- *Bergið er vinsæll staður fyrir nemendur Borgaskóla til að leika sér, útsýnisstaður fyrir íbúa, berjamói og þar er auk þess mikið fuglalíf það væri mikil synd að sjá það fara.*
- *Vil sérstaklega mótmæla áformum um þéttingu meðfram Strandvegi sem munu skemma náttúrulegt útivistarsvæði fallegan móa og klappir sem eiga að vera í friði. Einnig áformum um þetta byggð á öllu græna svæðinu sem er núna mjög vinsælt útivistarsvæði*
- *Þessi breyting á aðalskipulagi hefur djúpstæð áhrif á alla Grafarvogsbúa, bæði persónulega og samfélagslega, til langs tíma. Græn svæði eru ekki bara staðir þar sem við getum farið í göngutúra eða notið fersks lofts; þau eru hjarta samfélagsins okkar. Þau veita okkur ró, hjálpa okkur að tengjast náttúrunni og skapa grunn fyrir heilbrigðari lífsstíl. Þegar þessi svæði eru tekin frá íbúum í grónum hverfum erum við að missa miklu meira en bara hluta af borgarlandslaginu – við erum að tapa ómetanlegri auðlind sem hefur bein áhrif á lífsgæði okkar.*
- *Þessi grænu svæði eiga ekki að takmarkast bara við skipulagða almenningsgarða, leikvelli, göngustíga og önnur mannbyggð græn svæði, heldur einnig óspillta náttúru sem gefur okkur mikilvæga tengingu við umhverfið okkar.*

- Ónotuð græn svæði hjálpa til við að viðhalda jafnvægi milli náttúru og borgarumhverfis. Þau gegna mikilvægu vistfræðilegu hlutverki með því að hýsa villt dýralíf, plöntur og vistkerfi sem oft eru ekki sýnileg, en eru nauðsynleg fyrir heildarjafnvægi náttúrunnar.
- Fyrir börn eru þessi óspilltu svæði síðan nauðsynleg fyrir órammaðan ímyndunarleik og fjölbreytta hreyfingu í náttúrunni, sem er ómetanlegt fyrir þroska og vellíðan þeirra
- Þessi svæði bjóða upp á ómetanlegan sveigjanleika og tækifæri fyrir framtíðina. Ef við verndum þau núna, hafa komandi kynslóðir möguleika á að þróa þau í samfélagsverkefnum á ábyrgan og skynsamlegan hátt í sátt við náttúruna og þarfir íbúa í Grafarvogi, en séu þau eru eyðilögð fáum við þau aldrei aftur.
- Svæðið að vestan við Hamravík er í raun útsýnis perla og er notað af börnum og fullorðnum.
- Börn og fullorðnir fara hérna í berjamó og viðra hundana sína. Gamla fólkið gefur fuglum að borða hér upp á klettunum. Grænt svæði sem við öll kunnum að meta mun hverfa
- Skýrslur ýmsa umsgagnaraðila sýna fram á að þétting byggða hafi mjög neikvæð áhrif á heilsufar íbúa
- Svæðið sem um ræðir þjónar nú hlutverki sem opið útivistarsvæði með gróðri og er það mikilvægt fyrir umhverfislega fjölbreytni. Röskun á þessu svæði leiðir til neikvæðra umhverfisáhrifa og eyðileggingar á staðbundnum gróðri og lífríki. Grænt svæði sem þetta gegnir hlutverki í loftslagsstefnu borgarinnar, þar sem það hjálpar til við kolefnisbindingu og bætir loftgæði. Fyrirhugaðar breytingar á landnotkun þarna munu því valda tjóni á mikilvægu vistkerfi
- . Nú á að fara að byggja á og yfir göngustíg sem er mikið(!) genginn. Enda er þetta göngustígur sem tengir hverfið við nýju byggðina í Gufunesi, strandlengjuna og fjöruna
- Við höfum búið við hreint umhverfi og öryggi. Hér sjáum við stóra hópa af börnum og kennurum ganga niður í fjöru og skoða náttúruna við sjávarsíðuna og nota það sem hluta af kennslu í náttúrufræði. Kennsla er á kanóa í einum voginum. Þar er líka hægt að sjá seli og ógrynni fuglategunda
- Svo liggur Korpúlfsstaðavegurinn þarna meðfram og miklar líkur á að hann yrði fyrir raski en hann er friðaður og er á skrá hjá Minjastofnun.is vegurinn hefur í gegnum árin verið mikið notaður sem göngustígur.
- Börn og fullorðnir fara hérna í berjamó og viðra hundana sína. Gamla fólkið gefur fuglum að borða hér upp á klettunum. Grænt svæði sem við öll kunnum að meta mun hverfa.
- ...finnst afar sorglegt að þið hafið hugsað ykkur að byggja í kring um voginn. Ég ólst upp í þessu hverfi og ákvað að flytja hingað sem fullorðinn maður því hér er best að búa. Grafarvogurinn, vogurinn og náttúran þar í kring er fallegasti staðurinn í Reykjavík.
- Byggðar hafa verið góðar gönguleiðir um allt hverfið þar sem íbúar njóta samblands af þegar þéttri byggð, náttúru og tengingu við náttúruna og fegurðar hennar.
- Þetta er EKKI vannýtt svæði í hverfinu. Þetta er MJÖG VEL NÝTT SVÆÐI af hverfisbörnunum og fjölskyldum þeirra LÁTIÐ ÞIÐ GRÆNU REITINA Í GRAFARVOGI VERA!!!
- Frábært útsýni tapast fyrir marga.
- Ég er mikil fuglaáhugamenneskja, móar hverfa og fuglalíf verður ekki það sama og hefur verið.
- Þetta átti að vera friðað svæði þegar ég og faðir minn keyptum þessa lóð og byggðum

#### Lokaorð

Í athugasemdum íbúa Grafarvogs kemur fram áhersla íbúa í borg á að náttúruverndarsjónarmið verði virt við skipulagsáform. Landvernd árettar að náttúruvernd á ekki bara við um heiðar, víðerni og náttúruperlur út um land heldur þarf að endurheimta og bæta náttúrulegt ástand og viðhalda innan borgarmarka. Landvernd hvetur borgina til að taka taka fjölmargar athugasemdir íbúanna til gaumgæfilegrar skoðunar með hagsmunum náttúru og samfélagsins í huga.

*Með vinsemd og virðingu,*

*f.h. stjórnar Landverndar  
Björg Eva Erlendsdóttir*



---